

26. febrúar 1988

285

16. gr.

Nota má ökutæki sem er stærra eða þyngra en leyft er í reglugerð þessari ef notkun þess var heimil samkvæmt eldri reglum.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur til 1. ágúst 1988 heimilað skráningu ökutækis sem er lengra en leyft er í reglugerð þessari ef notkun þess hefði verið leyfð samkvæmt eldri reglum, enda hafi ökutækið verið keypt fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Jafnframt falla úr gildi 2. og 3. gr. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, nr. 51 15. maí 1964.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Jón Sigurðsson.**Ólafur W. Stefánsson.

26. febrúar 1988

Nr. 108

**REGLUGERÐ****um gerð og búnað bifreiða o.fl.****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og því haldið þannig við, að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

2. gr.

Bifreið skal þannig hönnuð og úr garði gerð að hún þoli það álag sem eðlilegt má teljast að hún verði fyrir og sé nothæf án þess að valda annarri umferð hvers konar hættu og óþægindum. Bifreið skal þannig haldið við að hún þoli þá notkun sem hún var skráð fyrir.

**Stýrisbúnaður.**

3. gr.

Stýrisbúnaður bifreiðar skal þannig gerður að unnt sé að stýra henni á auðveldan og öruggan hátt.

Stýrisbúnaður, að meðtöldu stýri, flautuhring og stýrisöxli, skal þannig gerður að hann valdi ökumanni sem minnstri hættu við árekstur.

Pegar ekið er í hring má minnsti beygjuradíi ekki fara yfir 12 m, mælt á þá brún bifreiðar sem yst er í hringnum.

4. gr.

**Hemlabúnaður.**

Í bifreið skal vera þrenns konar hemlabúnaður: Aksturshemill, stöðuhemill og neyðarhemill.

**Ljósabúnaður.**

5. gr.

Á bifreið skal vera ljósabúnaður sem hér segir:

1. Minnst tvö ljósker með „E“ eða „DOT“ merki að framan fyrir háljós sem lýsa hvítu eða daufgulu ljósi og tengjast bláu gaumljósi í mælaborði.

2. Tvö ljósker með „E-“ eða „DOT-“ merki að framan fyrir lágljós sem lýsa hvítu eða daufgulu ljósi.
3. Tvö ljósker að framan fyrir stöðuljós sem lýsa hvítu eða daufgulu ljósi.
4. Minnst tvö ljósker að framan fyrir breiddarljós sem lýsa hvítu ljósi ef bifreið er breiðari en 2,30 m. Ef bifreiðin er yfirbyggð skulu einnig vera minnst tvö ljósker að aftan fyrir breiddarljós sem lýsa rauðu ljósi.
5. Minnst tvö ljósker að framan, minnst tvö ljósker að aftan og minnst eitt ljósker sýnilegt frá hvorri hlið fyrir stefnuljós sem lýsa rauðgulu blikkandi ljósi. Í mælaborði skal vera blikkandi grænt gaumljós fyrir stefnuljósin.
6. Minnst tvö ljósker að framan, minnst tvö ljósker að aftan og eftir atvikum minnst eitt ljósker sýnilegt frá hvorri hlið fyrir hættuljós sem lýsa rauðgulu blikkandi ljósi. Ljósin skulu lýsa samtímis eða fremri og aftari á víxl. Í mælaborði skal vera blikkandi gaumljós fyrir neyðarljósin.  
Hættuljós eru ætluð til notkunar ef ökutæki stendur óökufært á vegi eftir árekstur, skemmd eða bilun þannig að annarri umferð stafi hætta af.
7. Minnst tvö ljósker að aftan fyrir afturljós sem lýsa rauðu ljósi.
8. Minnst tvö ljósker að aftan fyrir hemlaljós sem lýsa rauðu ljósi um leið og aksturshemli er beitt.
9. Minnst tvö rauð glitaugu að aftan.
10. Ljósker, eitt eða fleiri, fyrir númersljós sem lýsa aftara skráningarmarki hvítu ljósi.
11. Tvö ljósker að framan fyrir dagljós sem lýsa hvítu eða daufgulu ljósi sem alltaf logar þegar bifreiðin er í akstri ef aðalljós (há- eða lágljós) eru ekki kveikt.  
Dagljós koma í stað aðalljósa þegar hvorki er skuggsýnt né skyggni lélegt.
12. Mælaborðsljós sem lýsir upp hraðamæli.

## 6. gr.

- Á eftirtöldum bifreiðum skal enn fremur vera ljósabúnaður sem hér segir:
1. Bifreið sem ætluð er til neyðaraksturs skal búin minnst einu ljósakeri sem lýsir bláu blikkandi ljósi í allar áttir.
  2. Bifreið sem vegna vinnu er notuð á þann hátt að sérstakri hættu getur valdið annarri umferð skal búin minnst einu ljósakeri fyrir gult blikkandi ljós. Ljósið skal vera sýnilegt frá öllum hliðum.  
Ljósker fyrir gult blikkandi ljós skal vera á:
    - a) bifreið sem vegna vinnu er notuð þannig að ekki er farið eftir fyrirmælum umferðarlaga,
    - b) bifreið sem notuð er til að leiðbeina eða vara við sérstökum flutningum sem geta verið til verulegrar hættu fyrir aðra umferð,
    - c) bifreið sem notuð er í vegavinnu eða við snjómokstur meðan á vinnunni stendur. Taka skal ljósakerið af eða setja yfir það ógagnsæan poka þegar bifreiðin er ekki lengur í slíkri vinnu.
    - d) bifreið sem gerð er fyrir björgunarstarf og búin er sérstökum tækjum.  
Ljós þessi eru ætluð til notkunar þegar ekki er farið eftir fyrirmælum umferðarlaga þegar verið er að vara við sérstökum flutningum, í vegavinnu, við snjómokstur eða við björgunarstörf, þar á meðal drátt annars ökutækis.
  3. Leigubifreið skal hafa eitt gult þakljós jafnlangt frá ystu brúnum hennar með áletruninni „TAXI“ bæði að framan- og aftanverðu. Ljósið skal nota þegar bifreið er í notkun sem leigubifreið og laus til afnota fyrir leigutaka.
  4. Bifreið sem er lengri en 8 m eða viðurkennd sem hluti samtengdra ökutækja skal á hvorri hlið búin öllum eftirtöldum ljósum:

febrúar 1988  
sa hvítu eða  
er breiðari  
eftan fyrir  
ker sýnilegt  
ði skal vera  
minnst eitt  
jóni. Ljósín  
di gaumljós  
r árekstur,  
sturskemli  
ítu ljósi.  
alltaf logar  
lýsir bláu  
ið annarri  
a sýnilegt  
rirmælum  
sem geta  
stundur.  
er ekki  
rðarlaga,  
r eða við  
rar með  
freidd er í  
a skal á  
em sjást

26. febrúar 1988

7. gr.

- Á bifreið má vera ljósabúnaður sem hér segir.
1. Auka háljós til notkunar utan þéttbýlis þegar öruggt er að þau blindi ekki vegfarendur sem á móti koma.
  2. Þokuljós.
  3. Aðvörunarljós um eftirvagn eða tengitæki.
  4. Hliðarljós.
  5. Glitaugu að framan.
  6. Glitaugu á hliðum.
  7. Vinnuljós eða leitarljós.
  8. Ljós fyrir akstur aftur á bak.
  9. Þokuafturljós.
  10. Mælaborðljós, innljós, ljós í farþega-, farangurs- og vörurými.
  11. Aukaljós vegna neyðaraksturs, háð sérstöku leyfi dómsmálaráðuneytisins.
  12. Framúrakstursljós.
  13. Auka hemlaljós.
  14. Hliðarstöðuljós.
  15. Auglýsingaljós.
  16. Aukaljós er sýni breidd bifreiðar.

8. gr.

Ekki mega önnur ljósaker eða glitaugu vera á bifreið en þau sem nefnd eru í 5.—7. gr. Þau verður að setja á í samræmi við fyrirmæli Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Þar sem fleiri en eitt ljósaker eða glitauga gegna sama hlutverki skal fjöldi þeirra vera jöfn tala og þeim komið fyrir í þörum í sömu hæð, eitt hvoru megin og jafnlangt frá ystu brún bifreiðarinnar. Ljós eða endurskin frá umræddum ljósum skal hafa sama lit og því sem næst sama ljósstyrk. Ljós sem gegna sama hlutverki skulu þannig tengd að þau eða öll logi samtímis.

Mesta samanlagt ljósmagn allra ljósa sem geta logað samtímis framan á bifreið má vera allt að 300.000 candela (tilsvarandi 480 lux, 25 m framan við ljósakerin).

Ljósaker skulu þannig gerð og fest við bifreið að þau tifi ekki og stilling þeirra geti ekki raskast sjálfkrafa. Ljósaker fyrir háljós, lágljós og þokuljós skulu þannig gerð að hægt sé að stilla þau nákvæmlega á öruggan hátt.

Ljósakerum og glitaugum sem skylt er að hafa á bifreið og hún er samþykkt með má ekki breyta án samþykkis Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Aðbúnaður ökumanns og farþega.

9. gr.

Sæti bifreiðar eiga að vera traust og vel fest. Á þeim mega ekki vera hvassar brúnir eða útstæðir hlutir sem valdið geta meiðslum við snögga hemlun eða árekstur. Veltisæti verður að vera hægt að festa örugglega í notkunarstöðu.

Sæti ökumanns skal þannig gert og komið fyrir að aðstaða hans við akstur sé þægileg og örugg. Sæti farþega skulu þannig gerð að þægileg séu í notkun og þannig komið fyrir að þau eða farþegar í þeim hindri ekki ökumann við akstur. Farþegasæti mega ekki vera framar en sæti ökumanns.

Sætafjöldi ákvarðast af rými bifreiðar og leyfðri heildarþyngd.

Útsýn.

10. gr.

Bifreið skal þannig gerð að ökumaður hafi góða útsýn úr sæti sínu fram fyrir hana og til beggja hliða.

Framrúður skulu vera úr viðurkenndu lagskiptu öryggisgleri. Aðrar rúður skulu vera úr viðurkenndu öryggisgleri.

Til að hreinsa framrúðu skulu vera vélknúðar þurrkur og rúðuspurtur að utan er hreinsi rúðuna/rúðurnar bæði vinstra og hægra megin á hæfilega stóru svæði.

Báðum megin ofan og innan við framrúðu skal vera stillanlegt sólskyggni.

Í hverri bifreið skal vera búnaður fyrir heitan blástur til að fjarlægja móðu og hrím af framrúðu.

Í bifreið skulu vera minnst þrjár stillanlegir baksýnispeglar, af þeim skal einn vera inni og einn á hvorri hlið. Innispegil þarf ekki, ef bifreiðin er þannig gerð að spegillinn nýtist ekki. Speglar skulu þannig gerðir og komið fyrir að ökumaður geti séð veginn til hliðar við og fyrir aftan bifreiðina.

#### Upphitun og loftræsting.

11. gr.

Lokað ökumanns- og farþegahús bifreiðar skal vera hægt að hita upp og loftræsta á viðunandi hátt.

#### Inn- og útgangur (læsingar).

12. gr.

Dyrum sem veita aðgang að rými ökumanns skal vera hægt að læsa tryggilega. Heimilt er að nota rennihurðir sem Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

#### Hraðamælir.

13. gr.

Í bifreið skal vera mælir sem sýnir hversu hratt henni er ekið í km/klst.

#### Hljóðmerki.

14. gr.

Í bifreið skal vera tæki til að gefa með hljóðmerki er sé hæfilega hljómmikið og með jafnri tónhæð (tíðni).

Bifreið sem ætluð er til neyðarasksturs má ennfremur vera búin sérstökum tækjum með breytilegri hljóðgjöf.

#### Grind, burðarvirki og höggvarar.

15. gr.

Grind og/eða önnur burðarvirki bifreiðar skulu hafa nægan styrk í samræmi við mesta heildarþunga.

#### Fjöðrun og höggdeyfar — öxlar.

16. gr.

Hjól bifreiðar skulu vera fjaðrandi og fjöðrunin nægjanlega höggdeyfð. Öxlar, fjaðrir og höggdeyfar skulu vera nægjanlega sterkir í samræmi við hámarks öxulþunga.

Bifreiðaeftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágur varðandi fjöðrun og höggdeyfinu fyrir ökutæki til sérstakra nota.

#### Hjól, hjólbarðar, naglar og keðjur.

17. gr.

Á hjólum bifreiðar skulu vera nægjanlega burðarmiklir loftfylltir gúmíhjólbardar eða aðrir með sambærilega eiginleika.

Slitflötur skal vera mynstraður og dýpt raufa skal vera minnst 1 mm hvar sem er á slitfletinum.

26. febrúar 1988

289

Nr. 108

Pegar snjór eða ísing er á vegi skal hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, t.d. grófmynstraða (vetrarmynstur) hjólbarða með eða án nagla, sem veitt getur viðnám.

Keðjur og neglda hjólbarða má ekki nota á tímabilinu frá 1. maí til 15. október nema þess sé þörf vegna sérstakra akstursskilyrða.

#### Hjólhlífar.

18. gr.

Á bifreið skulu vera hjólhlífar og/eða annar búnaður, t.d. aurhlífar, til varnar því að vegfarendur verði fyrir aurslettum og grjótkasti.

#### Þjófnaðaröryggi.

19. gr.

Auk hurðalæsinga sem tilgreindar eru í 12. gr. skal í bifreið vera innbyggður gangsetningarlás eða annar búnaður, svo sem stýrslás eða gírlás, til að fyrirbyggja að óviðkomandi maður geti ekið henni.

#### Hreyfill.

20. gr.

Afl hreyfils bifreiðar skal vera minnst 6 kw (8 hö) (Din 70020) á hvert tonn hámarksheildarþunga án eftirvagns en 5 kw (7 hö) (Din 70020) með eftirvagni.

#### Eldsneytiskerfi.

21. gr.

Eldsneytiskerfi bifreiðar skal vera traust og lekalaust. Kerfið skal vera þannig gert, staðsett, fest og varið að ekki skemmist þótt það verði fyrir hnjaski eða hitaáhrifum. Komi leki að kerfinu verður eldhætta að vera útilokuð eftir því sem hægt er.

#### Útblásturskerfi.

22. gr.

Útblásturskerfi frá hreyfli og hitagjafa skal vera þétt og þannig komið fyrir að það flytji útblásturinn frá bifreiðinni á öruggan hátt án þess að valda farþegum eða öðrum vegfarendum hættu eða óþægindum. Óheimilt er að leiða útblástursloft vélar um farþegahús bifreiðar.

#### Mengun.

23. gr.

Bifreið skal þannig gerð og viðhaldið að hún valdi sem minnstri mengun og er þar átt við:

1. Lekamengun: Kælivökvi, smurolía og eldsneyti.
2. Hávaðamengun: Hávaði sem stafar frá bifreið má ekki fara yfir tiltekin mörk mælt við staðlaðar aðstæður.
3. Útblástursmengun: Frá bifreið má ekki stafa ónauðsynlegur sýnilegur reykur og magn skaðlegra efna í útblæstri verður að vera innan settra marka, þótt ósýnileg séu.

**Rafkerfi.**

24. gr.

Rafkerfi bifreiðar skal vera hannað til að flytja þann straum sem því er ætlað. Leiðslur eiga að vera vel einangraðar og þannig lagðar og festar að þær verði ekki fyrir hnjaski, of miklum hita eða tæringu (sýra).

Frá rafkerfinu mega ekki stafa ónaúðsynlegar rafsegulbylgjur sem valdið geta truflun á fjarskiptum (útvarpi/sjónvarpi).

**Drifbúnaður.**

25. gr.

Bifreið að eigin þyngd 400 kg eða meira skal einnig gerð til aksturs aftur á bak fyrir eigin vélarafli.

**Tengibúnaður fyrir eftirvagn.**

26. gr.

Sá hluti vagn tengis sem festur er við bifreið skal vera traustur, vel festur, auðveldur og öruggur í notkun og ekki hvíklæstur. Tenginu skal komið fyrir samkvæmt fyrirmælum framleiðanda bifreiðar.

**Þyngdardreifing.**

27. gr.

Bifreið skal þannig gerð að eigin þungi og mesti heildarþungi dreifist sem jafnast á hjól á sama öxli. Minnst 20% af eigin þunga og heildarþunga verður að hvíla á stýrðu hjólunum. Gengið er útfrá að þungadreifing farms sé jöfn um allt farmrýmið.

**Yfirbygging.**

28. gr.

Bifreið verður að vera þannig gerð að utanverðu að hún valdi ekki óþarfa skemmdum eða meiðslum við árekstur.

**Merki.**

29. gr.

Á bifreið skal vera flötur bæði að framan og að aftan fyrir skráningarmerki. Í hverri bifreið skal vera greinilega greypt (af framleiðanda) nafn framleiðanda eða vörumerki og verksmiðjunúmer.

**Breytingar á bifreiðum.**

30. gr.

Allar breytingar á bifreið frá því sem fram kemur í gerðarskoðun og umsókn um skráningu skulu háðar samþykki Bifreiðaeftirlits ríkisins.

**Viðgerðir.**

31. gr.

Bifreið sem orðið hefur fyrir verulegu tjóni við árekstur, útafakstur eða á annan hátt skal færð til skoðunar að viðgerð lokinni áður en hún er tekin í notkun.

**Skoðun — Viðurkenning.**

32. gr.

Þegar ný gerð eða árgerð bifreiðar er flutt til landsins skal hún færð til sérstakrar gerðarskoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins þar sem gengið er úr skugga um að búnaður hennar allur sé í samræmi við settar reglur.

febrúar 1988

26. febrúar 1988

291

Nr. 108

**Öryggisbúnaður.**

33. gr.

Bifreið með leyfilegan heildarþunga allt að 3500 kg skal búin þriggja festu rúlluöryggisbeltum (þar sem þeim verður við komið, annars tveggja festu) fyrir ökumann og farþega í framsæti. Ennfremur skal fólksbifreið fyrir 8 farþega eða færri búin sams konar öryggisbeltum fyrir farþega í sætum sem snúa fram nema veltisætum. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Í fólksbifreið fyrir 8 farþega eða færri skulu vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð fyrir ökumann og farþega í framsæti.

Í hópbifreið skal vera sjúkrakassi af viðurkenndri gerð. Þar skulu og vera slökkvitæki af viðurkenndri gerð.

Í bifreið skal vera minnst einn viðvörunarþríhyrningur af viðurkenndri gerð.

Viðvörunarþríhyrningur skal nota til að vekja athygli vegfarenda á bilaðri bifreið sem stöðvast hefur þar sem bannað er að leggja ökutæki eða þar sem annarri umferð getur stafað sérstök hættu af. Þríhyrninginn skal setja upp 50 til 100 m frá hinu bilaða ökutæki.

**Búnaður fyrir farm.**

34. gr.

Búnaður fyrir farm og til festingar á farmi skal vera traustur, hentugur og tryggilega festur við bifreiðina svo að ekki sé hættu á að farmur raskist í flutningi.

**Ýmis ákvæði.**

35. gr.

Ákvæði 1.—34. gr. gilda um bifreiðir sem skráðar verða fyrsta sinni hér á landi frá 1. mars 1988 að telja.

Eftirtalin ákvæði taka þó eigi gildi fyrir en 1. janúar 1989:

- ákvæði um „E-“ og „DOT-“ merki á ljóskerum og perum, sbr. 1. og 2. tölul. 5. gr.
- ákvæði um dagljós, sbr. 11. tölul. 5. gr.
- ákvæði um útispegla, sbr. 10. gr.
- ákvæði um öryggisbelti, sbr. 1. mgr. 33. gr.
- ákvæði um viðvörunarþríhyrning, sbr. 4. mgr.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um gerð og búnað bifreiða. Þar til slíkar reglur hafa verið settar gilda ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964, með síðari breytingum, til fyllingar á ákvæðum reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

37. gr.

Ákvæði 11. tölul. 5. gr. um dagljós gilda um notkun dagljósa á bifreiðum og bifhjólum frá 1. mars 1988.

38. gr.

Frá 1. janúar 1989 eru bönnuð viðskipti með:

- ljósker og perur fyrir háljós og lágljós án „E-“ eða „DOT-“ merkja, sbr. 1. og 2. tölul. 5. gr.
- framrúður sem ekki eru úr viðurkenndu lagskiptu öryggisgleri, sbr. 10. gr.

Nr. 108

292

26. febrúar 1988

39. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 109

26. febrúar 1988

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 223/1987 um sérstakt jöfnunargjald  
á kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, þannig:

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 50% jöfnunargjald:

|           |           |           |
|-----------|-----------|-----------|
| 0710.1000 | 1105.2001 | 1108.1309 |
| 0711.9001 | 1105.2009 | 1903.0009 |
| 0712.1000 | 1108.1301 | 2001.9001 |

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerin 1903.0001 og 2005.2000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 100% jöfnunargjald.

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2004.1000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 190% jöfnunargjald.

Ráðherra er heimilt að fella niður jöfnunargjald af vörum sem falla undir framangreinda tollflokka, enda séu vörurnar fluttar inn sem hráefni til umtalsverðrar innlendrar iðnaðarframleiðslu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. og ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1/1987 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*